

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 9292. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 10. nóvember 2015
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður,
Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður,
Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður, Davíð Viðarsson Embættismaður og
Sigurður Sveinn Guðmundsson Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

- 1. 1511005 - Hótel Búðir_drög að skipulagslýsingu v.stækkunar hótels.
Ósk um samþykki fyrir auglýsingu á skipulagslýsingu**
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið, en málinu verður beint til Umhverfisstofnunar. Lýsing verður ekki auglýst fyrr en samþykki Umhverfisstofnunar liggur fyrir, þar sem um uppbyggingu á friðlandi er að ræða.
- 2. 1511006 - Sandholt 2_umsókn vegna endurbóta á húseign-gluggar og klæðning**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en óskar eftir samþykki eiganda Sandholts 4 vegna fyrirhugaðrar klæðningar. Mælst er til að samræmis sé gætt varðandi útlits hússins, þar sem um eitt hús er að ræða.
- 3. 1510004 - Hellisbraut 20_útlitsbreyting, hurðir og gluggar**
Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu. Við breytingu vegna eldvarna þurfa að liggja fyrir aðaluppdrættir eftir hönnuð sem tekur að sér ábyrgð á brunahönnun.
- 4. 1510003 - Ennishlíð 4_umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu til vesturs við hús**
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari gögnum til grenndarkynningar.
- 5. 1510002 - Bárðarás 9_umsókn um leyfi til að klæða hús**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 6. 1511002 - Brimilsvellir_umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús**

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

7. **1511004 - Snoppuvegur 6_umsókn um byggingarleyfi fyrir nýrri hurð og gönguhurð þar sem gluggi er**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

8. **1511007 - Þjónustulóð vestan Arnarbrautar_sótt er um byggingarleyfi fyrir einnar hæðar þjónustuhús og 12 gistiskála**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

9. **1509002 - Hellisbraut 5_breyting á inngangi, stækkun forstofu og útlitsbreyting á þaki**

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu þar sem skráningartöflu vantar og teikningar eru ekki fullnægjandi. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða málið.

10. **1510005 - Lýsuhóll_ný borhola, LH-20**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

11. **1511001 - Gröf, Staðarsveit_fyrirspurn um leyfi til breyta hlöðu í gistiaðstöðu og veitingareksturs**

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í erindið.

12. **1511003 - Arnarfell, Arnarstapa_sótt um byggingarleyfi fyrir 11 smáhýsi á ferðaþjónustulóðinni við Arnarstapa skv. skipulagi**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

13. **1510006 - Traðarland 1_umsókn um leyfi til að rífa sumarhús á Traðarlandi 1**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Eigandi ber að hafa samband við byggingarfulltrúa að verki loknu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:19.